

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um gatnamót við Vogabyggð (US220138)

Á fundi skipulags og samgönguráðs þann 2. júní sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Frá því Vogabyggðin tók að rísa hafa tvö gatnamót þyngst verulega, þ.e. Sæbraut á mótis við Skeiðarvog/Kleppsmýrarveg og Kleppsmýrarvegur til mótis við Súðarvog. Óskað er upplýsinga um það hvernig áformað er að tryggja öryggi barna, gangandi vegfarenda og hjólreiðafólks við gatnamótin meðan beðið er eftir Sundabraut? Málið þolir ekki bið enda eiga fjölmörg börn leið yfir þessa umferðarþungu vegi daglega á leið til skóla og tómsunda.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, þann 29. júní sl.

Svar við fyrirspurn:

Vegagerðin á og rekur Sæbraut og eru allar breytingar á henni samstarfsverkefni Vegagerðarinnar og borgarinnar. Farið var í athugun á því hvort byggja skyldi göngubrú eða undirgöng fyrir Vogabyggð en erfiðlega gekk að finna lausn sem félli vel að landi. Nú er unnið að undirbúningi þess að setja Sæbraut í stokk og áætlað er að framkvæmdir hefjist árið 2024. Gert er ráð fyrir að lok verði á stokknum sem gerir það að verkum að möguleiki verður á fleiri göngu- og hjólaleiðum þvert yfir Sæbraut án þess að hafa áhrif á umferð eftir Sæbraut. Á meðan á framkvæmdum stendur verður þörf fyrir tímabundna göngubrú til að tryggja öruggt aðgengi gangandi og hjólandi vegfarenda. Unnið er að undirbúningi þess og standa vonir til að göngubrúin komist í gagnið áður en framkvæmdir hefjast, þ.e. fyrir haustið 2023.

Vegagerðin og Reykjavíkurborg hafa í sameiningu skoðað umfangsminni aðgerðir sem hægt er að fara í til að bæta ástandið fyrir gangandi vegfarendur á gatnamótum Sæbrautar við Kleppsmýrarveg/Skeiðarvog og við Súðarvog áður en til byggingu stokks kemur. Nú þegar hefur verið farið í smávægilegar breytingar líkt og lengingu á tíma fyrir gangandi þegar farið er yfir Sæbraut við Kleppsmýrarveg og einnig hafa verið sett upp viðvörunarljós um umferð gangandi vegfaranda.

Aðrar aðgerðir hafa ekki enn komið til framkvæmda en vilji er fyrir því að setja upp rauðljósa- og hraðamyndavél til að stuðla að því að öikumenn aki á löglegum hraða og aki ekki yfir á rauðu ljósi. Reykjavíkurborg og Vegagerðin eiga í stöðugu samtali um aðgerðir á umræddum gatnamótum til að bæta öryggi óvarinna vegfaranda um umrædd gatnamót.



Reykjavíkurborg

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
starfandi samgöngustjóri